

## SAMRUNAÁÆTLUN

Félagsstjórnir í Sparisjóðnum í Keflavík, kt. 610269-3389, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ, (yfirtökufélagið), og í Sparisjóði Vestfirðinga, kt. 610269-2499, Fjarðargötu 2, 470 Þingeyri, og í Sparisjóði Húnaþings og Stranda, kt. 610269-6729, Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga (yfirteknu félagin), gera í dag svohljóðandi áætlun um sameiningu félaganna, skv. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 119. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. 3. mgr. 106. gr. áðurnefndra laga um fjármálafyrirtæki:

### 1. gr.

Stjórnir félaganna eru sammála um að sameina félagin undir nafni Sparisjóðsins í Keflavík á grundvelli XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og XIV. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995, sbr. 3. mgr. 106. gr. áðurnefndra laga um fjármálafyrirtæki.

Sameiningin skal miðast reikningslega við 30. júní 2007.

Samþykktir Sparisjóðsins í Keflavík gilda um hið sameinaða félag, að teknu tilliti til breytinga sem lagðar verða til í tengslum við samruna þennan, þ.m.t. afnám ákvæða 1. mgr. 23. gr. samþykktá sjóðsins er varða rétt sveitarfélaga á tilnefningu tveggja stjórnarmanna.

Heimilisfang félagsins skal vera að Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ.

Gert er ráð fyrir því að lögaðilinn Sparisjóðurinn í Keflavík og kennitala hans verði rekstraraðili allra afgreiðslna hins sameinaða sjóðs. Starfsemin á starfssvæðum hinna yfirteknu félaga verður rekin undir vörumerkinu „Sparisjóðurinn“ ásamt heiti viðkomandi staðar.

### 2. gr.

Það er hluti af samrunaferlinu að stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga verði aukið um 1.135.439.000 kr. og stofnfé í Sparisjóði Húnaþings og Stranda verði aukið um kr. 1.278.906.000. Með því verður hlutfall á milli stofnfjár og eigin fjár hið sama í öllum þremur sjóðunum, eða 33,26%. Eigið fé í hinu sameinaða félagi, að teknu tilliti til endurmats eigna, verður kr. 25.933.131.000-. Stafa kr. 3.903.573.000 frá Sparisjóði Húnaþings og Stranda, en kr. 4.250.618.000 frá Sparisjóði Vestfirðinga. Framangreindar fjárhæðir byggja m.a. á sameiginlegu mati á eiginfjárliðum og koma fram í meðfylgjandi samrunaefnahagsreikningi. Þar er jafnframt tekið tillit til aukningar stofnfjár í Sparisjóðnum í Keflavík sem nú hefur verið ákveðin og stendur yfir.

HA  
P.B.  
M. Þ. Þ. Þ.  
J.B.  
J.B.

3. gr.

Stofnfjáreigendur í Sparisjóði Vestfirðinga og Sparisjóði Húnaþings og Stranda munu fá í skiptum fyrir eign sína, stofnfé í yfirtökufélaginu, Sparisjóðnum í Keflavík. Hlutdeild stofnfjáreigendanna (skiptihlutföll) í stofnfé sameinaðs sjóðs miðast við hlutdeild hvors sjóðs í heildar eign fé við samrunann.

Þær tölur greinir nánar í meðfylgjandi stofn(samrunaefnahagsreikningi), en um er að ræða 16,391% í tilviki Sparisjóði Vestfirðinga og 15,052% hjá Sparisjóði Húnaþings og Stranda. Aðilum er ljóst að einhverjar breytingar eða leiðréttingar kann að þurfa að framkvæma í framhaldi af áreiðanleikakönnun sem fram fer í tengslum við samrunann, sbr. ákvæði 5. gr.

4. gr.

Réttindum og skyldum hinna yfirteknu sparisjóða skal teljast reikningslega lokið þann 30. júní 2007 og frá þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum tekjum og gjöldum vegna hinna sameinuðu félaga, auk þess að taka við öllum skattalegum réttindum og skyldum félagsins.

Samkomulag er um að leggja til þá breytingu á samþykktum hins sameinaða sjóðs að komi til slita félagsins myndi þeim eignum sem til úthlutunar kæmu í menningar og líknarmál ráðstafað á starfssvæðum sjóðanna í hlutfalli við skiptingu eiginfjár og stofnfjár í hinum sameinaða sjóði, þ.e. 16,391% á starfssvæði Sparisjóðs Vestfirðinga, 15,052% á starfssvæði Sparisjóðs Húnaþings og Stranda. Eftirstöðvar ráðstafast á starfssvæði Sparisjóðsins í Keflavík og Sparisjóðs Ólafsvíkur í samræmi ákvæði í gildandi samþykktum Sparisjóðsins í Keflavík.

Samrunaaðilar eru sammála um að viðhalda eða koma á fót menningarsjóðum, sem árlega styrkja ýmsa starfsemi á hinum skilgreindu starfssvæðum, og leitast skyldi við að efla starfsemina, hvort sem er í formi sjálfstæðra sjóða eða með árlegum framögum úr hinum sameinaða sparisjóði. Tryggt skal að heimamenn á hverjum stað komi að úthlutunum úr sjóðnum og samhliða leitast við að skapa sem jákvæðasta ímynd gagnvart starfsemi sparisjóðsins.

5. gr.

Samkomulag er um að áreiðanleikakönnun skuli fara fram með þeim hætti að fulltrúar hvers sjóðs um sig myndu gera könnun á hinum. Miðað er við að einungis verulegar breytingar á eignum eða skuldum leiði til breytinga á skiptihlutföllum skv. framangreindu. Er hér miðað við að lágmarksskekkjumörk þurfi að nema 5% af skilgreindu eign fé svo til einhverra breytinga komi.

Handwritten signatures and initials are present at the bottom right of the page, including names like H.A., E.S., and others.

6. gr.

Engir stjórnendur, lánadrottinnar eða aðrir skulu njóta réttinda eða hlunninda umfram aðra. Enginn stofnfjáreigandi í hinum yfirteknu félögum nýtur sérréttinda í hinu nýja félagi. Ekki verða gerðar neinar ráðstafanir í tengslum við samrunann til hagsbóta eigenda stofnfjár og skuldabréfa í yfirtökufélaginu.

7. gr.

Engar ráðstafanir skulu gerðar eftir undirritun samrunaáætlunar þessarar til stofnfjáreigenda, sem hafa eða geta haft veruleg áhrif á rekstur eða fjárhagsstöðu hinna sameinuðu félaga, án þess að stjórnir félaganna hafi fullt samráð um slíkar ráðstafanir. Sama gildir um ákvarðanir sem kunna að hafa veruleg áhrif á fjárhag sjóðanna eða stefnumörkun þeirra.

Á meðan samrunaferlinu stendur fela stjórnirnar sparisjóðsstjórum sínum í sameiningu að fjalla um allar ráðstafanir sem gætu talist meiriháttar í þessu sambandi.

8. gr.

Stefnt skal að því að ákvörðun um samruna sparisjóðanna verði tekin til afgreiðslu á stofnfjáreigendafundum fyrir lok nóvembermánaðar 2007.

9. gr.

Sparisjóðirnir tilnefna Deloitte hf., Stórhöfða 23, 110 Reykjavík og KPMG hf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík til að semja yfirlýsingu um samrunann samkvæmt ákvæðum 122. gr laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. 3. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

10. gr.

Við samrunann er ekki gert ráð fyrir breytingum er varða afgangslustaði, þjónustu við viðskiptavinum og stöðu starfsmanna sjóðanna.

Stjórnir sjóðanna veita jafnframt hér með sparisjóðsstjórunum Geirmundi Kristinssyni, Angantý Val Jónassyni og Páli Sigurðssyni fullt umboð til að undirrita viðauka við þessa samrunaáætlun er tengjast nánari útfærslu samrunans m.t.t. starfsstöðva, starfsfólks svo og að móta tillögur til breytinga sem gera þarf á samþykktum hins sameinaða sjóðs vegna samrunans.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including names like H.A., P.J., F.B., and others.

Til staðfestingar á samrunaáætlun þessari undirrita stjórnir Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda hana, með fyrirvara um tilskilið samþykki stofnfjáreigenda, Semkeppniseftirlitins og Fjármálaeftirlitins, allt í samræmi við ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sbr. og viðeigandi ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélag Tekur samruninn endanlega gildi við samþykki og staðfestingu þessara aðila.

Virðingarfyllst,

Keflavík, 10. sept. 2007

Ísafirði 11 sept. 2007

Hvammstanga 11 sept. 2007.

**Stjórn Sparisjóðsins  
í Keflavík**

**Stjórn Sparisjóðs  
Vestfirðinga**

**Stjórn Sparisjóðs  
Húnaþings og Stranda**

Guðsteinn Erlingsson

Þorgerður Gunnarsdóttir

Þorgerður Guðmundsdóttir

Kafl. Níelsson

Eyvin Ingibj. Sigfóssd.

Heiminn Agústsson

Guðrún Magnúsdóttir

Óskóla Elíasar

Ronaldur Þóðsson

Guðrún Magnúsdóttir

Þorgerður Gunnarsdóttir

Tommas Guðsson Samundson

Ólafur Magnússon

Guðrún Magnúsdóttir

Guðrún Magnúsdóttir